



# ÁLAGNING FASTEIGNAGJALDA 2023

## **Skaftárhreppur hefur lokið upphafsálagningu vegna ársins 2023.**

Álagningaseðlar verða ekki sendir út til fasteignaeigenda. Hægt er að nálgast álagningarseðla á *mínar síður* / *pósthólf* á netsíðunni [www.island.is](http://www.island.is). Innskráning er með rafrænum skilríkjum eða íslykli.

Allar nánari upplýsingar um álagningareglur Skaftárhrepps má finna á heimasíðu sveitarfélagsins [www.klaustur.is](http://www.klaustur.is). Eldri borgurum og öryrkjum með lögheimili í Skaftárhreppi er sérstaklega bent á að skoða sinn rétt varðandi afslátt af fasteignagjöldum og bent á að kynna sér samþykkt um tekjuviðmið, sem er um afsláttarreglur og einnig geta þeir sem þessa óska haft samband við skrifstofu Skaftárhrepps og fengið senda álagningarseðla á pappírformi.

**Gjalddagar eru átta, 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst og 1. september. Eindagar fasteignagjalda eru 30 dögum eftir gjalddaga.**

Greiðsluseðlar verða eingöngu sendir á heimabanka viðkomandi greiðenda og birtast þar, hægt er að hafa samband við skrifstofu sveitarfélagsins og óska eftir að fá greiðsluseðla á pappírformi.

Ef greiðendur telja álagninguna ekki rétta er hægt að fara fram á endurálagningu með rökstuddum hætti. Skrifleg beiðni þar um skal berast skrifstofu Skaftárhrepps eigi síðar en mánuði eftir álagningu gjaldanna.

Þeir sem óska frekari upplýsinga um álagninguna er bent á að hafa samband við Karl Antonsson, skrifstofu Skaftárhrepps í síma 487 4840 eða á netfangið [klaustur@klaustur.is](mailto:klaustur@klaustur.is)

Sveitarstjóri